

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
Heimilt er að sleppa lífvænlegri tindaskötu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. október 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Benedikt Árnason.